

Kæru nemendur, forráðamenn, starfsfólk og aðrir gestir!

Verið hjartanlega velkomin á skólasetningu Stekkjaskóla. Mikið er gaman að sjá ykkur öll. Nýja nemendur býð ég sérstaklega velkomna en þeir eru 59 talsins. Þar af eru 42 nemendur að byrja í 1. bekk. Í skólabyrjun eru 224 nemendur skráðir í skólann í 1.-6. bekk og þeim mun örugglega fjölga talsvert í vetur.

Ég heiti Hilmar Björgvinsson og er skólastjóri skólans. Með mér er Ástrós Rún Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri. Auk okkar Ástrósar er Hildur Bjargmundsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu og Álfheiður Tryggvadóttir deildarstjóri yngra stigs í stjórnendateymi skólans.

Það er alltaf mikil spenna, gleði og eftirvænting þegar nemendur mæta á skólasetningu og hitta bekkjarfélaga sína og vini. Sumir hafa ekki sést í allt sumar og eru því mjög ánægðir að hittast.

Þó svo að *sumarið sé tíminn* eins og Bubbi Morthens söng að þá er haustið alltaf yndislegt þegar skólinn byrjar og ákveðin rútína fer í gang.

Í dag setjum við Stekkjaskóla í þriðja sinn. Það er góð tilfinning að hefja skólastarfið hér í þessu glæsilega húsnæði þar sem fer vel um okkur og við höfum mikið og gott pláss.

Þó svo að saga skólans sé stutt höfum við starfsmenn og nemendur gert mjög margt skemmtilegt saman. Við höfum t.d. verið með skólann á þremur stöðum, flutt tvisvar sinnum, haldið margar árshátíðir þar sem nemendur hafa sýnt leikrit, spilað og sungið, farið í mörg ferðalög og verið góð hvert við annað. Í Stekkjaskóla leggjum við nefnilega sérstaka áherslu á að öllum líði vel og komi vel fram við aðra. Uppeldisstefnan okkar Jákvaður agi styður vel við þá áherslu.

Jákvaður agi byggir á gagnkvæmri virðingu og samstarfi. Uppeldisstefnan gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilum og vinnustöðum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.

Síðastliðinn mánudag voru allir starfsmenn á námskeiði hér í skólanum um Jákvaðan aga en skólinn fékk styrk úr endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda námskeiðið.

Í þróunarverkefninu okkar til tveggja ára, *Stekkur til framtíðar*, unnum við með áhersluþætti skólans sem snúa að teymiskennslu, skapandi skólastarfi, jákvæðum skólabrag og tækni og nýsköpun. Skýrsla um verkefnið er nú komin á heimasíðu skólans og hvetjum við alla til að kynna sér hana.

Í vetur ætlum við að halda áfram að vinna með áhersluþættina og halda áfram að byggja upp gott og farsælt skólastarf. Það gerum við öll saman, starfsmenn, nemendur og forráðamenn. Með samstilltu átaki og gagnkvæmri virðingu mun nemendum ganga vel í námi og starfi með gleðina að leiðarljósi.

Í Stekkjaskóla leggjum við áherslu á list- og verkgreinar sem eru í smiðjum. Nú höfum við vel útbúnar list- og verkgreinastofur sem gerir smiðjustarfið svo miklu auðveldara. Sú nýbreytni verður í vetur að við verðum með valsmiðjur í 5.-6. bekk. Smiðjurnar eru einu sinni til tvisvar í viku í lotum, 7 vikur í senn. Með þessu fyrirkomulagi erum við að koma betur til móts við áhuga og færni hvers nemanda og að þeir fái nám við hæfi.

Tónlistarskóli Árneseinga verður með aðstöðu í skólanum fyrir þá nemendur skólans sem þar stunda nám.

Eins og margir hafa veitt eftirtekt eru miklar framkvæmdir á skólalóð Stekkjaskóla. Verið er að byggja annan áfanga skólans sem áætlað er að verði tilbúinn skólaárið 2024-25.

Í stækkandi skóla fjölgar ekki bara nemendum heldur einnig starfsmönnum.

Starfsmenn skólans eru núna 46 talsins í 41 stöðugildi.

Sautján nýir starfsmenn bætast nú í starfsmannahóp Stekkjaskóla. Þeir eru eftirfarandi:

Álfheiður deildarstjóri

Klara Öfjörð náms- og starfsráðgjafi

Ásdís Elva, Elín Ása, Hermína Íris, Hilmar Guðlaugsson og Katrín Ósk umsjónarkennarar

Birta Mjöll, Magnús Hilmar og Sunneva Linda stuðningsfulltrúar

Lilja Ósk kennari í heimilisfræði

Þuríður kennari í hönnun og smíði

Alda og Viktorija íþróttakennarar

Guðbjörg Líf matreiðslumaður

Guðrún Steinunn matráður og Ágústa aðstoðarmatráður

Við bjóðum nýja starfsmenn hjartanlega velkomna í hópinn.

Í vetur verður allur matur eldaður hér í skólanum og einnig fyrir fleiri stofnanir sveitarfélagsins.

Stekkjaskóli er hnetulaus skóli og bið ég alla að virða það.

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu um símalaut skólaumhverfi. Það er góð og þörf umræða. Við viljum ítreka að símanotkun nemenda er ekki leyfð í Stekkjaskóla. Þeir nemendur sem eru með síma eiga að hafa þá ofan í tösku yfir skóladaginn og ekki taka þá upp fyrir en þeir eru komnir út að loknum skóladegi.

Að lokum minni ég á að nemendur þurfa alltaf að klæða sig eftir veðri og vera tilbúnir í útinám og útiveru á hverjum degi.

Nú er komið að því að nemendur hitta kennarana sína, stuðningsfulltrúa og bekkjarfélaga. Þegar ég hef sett skólann ætlar Ástrós aðstoðarskólastjóri að taka við og lesa ykkur upp í hópa.

Kæru nemendur

Nýtt skólaár er að hefjast og við ætlum í sameiningu að hafa það lærdómsríkt og gott.

Gangi ykkur vel í vetur.

Þar með segi ég Stekkjaskóla settan skólaárið 2023-2024.